

Sigfús Daðason was one of the poets who changed the poetic landscape in Iceland around the middle of the last century. His role as a pioneer of the Modern movement in Icelandic poetry became manifest when in 1951, at the age of twenty-three, he published his first book of poetry. His influential essay on the new trends in poetry followed the next year, with its title modelled on Shelley's 'Defence of Poetry'.


Eight years spent in France at a formative age were decisive for Sigfús's intellectual and aesthetic formation. At the Sorbonne he studied Latin language and culture, and French and German literature, and after returning to Iceland he worked as an editor of a cultural review and a literary publisher in Reykjavík. He wrote essays on literature and culture and at the end of his life he was generally considered one of the greatest Icelandic poets and intellectuals of the second half of the twentieth century. He published five books of poetry during his lifetime, and another appeared posthumously, a year after his death in 1996. Sigfús Daðason was born in 1938 and would have reached his eightieth birthday on 20 May this year.



SIGFÚS DAÐASON



Sýning í Þjóðarbókhöðu 17. maí til 15. júlí 2008



Fáein æviatriði

Sigfús Daðason var fæddur í Drápuhlíð í Helgafellssveit á Snæfellsnesi 20. maí 1928, sonur Daða Kristjánssonar bónda og Önnu Sigfúsdóttur konu hans. Hann kom til Reykjavíkur um fermingu, stundaði nám í Ingimarsskól-anum við Lindargötu í tvo vetur en var heilsuveill og fram til tvítugs lá hann oft á Landspítalanum. Haustið 1949 veiktist hann svo af berklum og var rúma sjö mánuði á Vífilsstöðum. Hann tók stúdentspróf utanskóla 1951 og hélt um haustið til Frakklands. Þar dvaldist hann hátt í áratug við nám og ritstörf, fyrst eitt ár í Aix-en-Provence en síðan í París. Hann lauk licence-ès-lettres-prófi í latínu, frönskum og þýskum bókmenntum og samanburðar-bókmenntum frá Sorbonne-háskóla vorið 1959. Eftir heimkomuna starfaði hann í sautján ár hjá Bókmennta-félaginu Máli og menningu, var um skeið formaður þess og framkvæmdastjóri, annaðist útgáfu bóka og var ritstjóri *Tímarits Máls og menningar*. Árið 1976 stofnaði Sigfús eigið bókaforlag, Ljóðhús, og starfrækti það í um áratug. Þá var hann í mörg ár stundakennari við Háskóla Íslands og hafði með höndum námskeið í franskri ljóðlist og almennum bókmenntum.

Sigfús hóf ungur að yrkja og fyrsta ljóð hans birtist á prenti þegar hann var sextán ára. Hann gaf sjálfur út fimm ljóðabækur: *Ljóð 1947–1951* (1951), *Hendur og orð* (1959), *Fá ein ljóð* (1977), *Útlínur bakvið minnið* (1987) og *Provence í endursýn* (1992). Haustið 1997 kom sjötta ljóðabókin, *Og hugleiða steina*, með eftirlátnum ljóðum Sigfúsar. Í tilefni af áttæðisafmæli hans í ár kemur síðan út heildarsafn ljóða hans, *Ljóð 1947–1996*, með þeim breytingum á einstökum ljóðum sem Sigfús hafði sagt fyrir um.

Sigfús skrifaði allmikið um bókmenntir og menningarmál, einkum í *Tímarit Máls og menningar* meðan hann var ritstjóri þess en seinna á öðrum vettvangi. Þær greinar voru birtar í safninu *Ritgerðir og pistlar* árið 2000. Sigfús þýddi einnig talsvert, einkum úr frönsku, og meðal helstu þýðinga hans eru síðari bækur skáldsögunnar *Jóhann Kristófer* eftir Romain Rolland og ljóðabókin *Útleð* eftir Saint-John Perse.

Sigfús Daðason lést í Reykjavík 12. desember 1996.

Ljóðskáldið

Ekki er staður hér til að fjalla um skáldskap Sigfúsar Daðasonar svo að nein mynd sé á en vísa má til bókarinnar *Ljóðhús* eftir Þorstein Þorsteinsson sem kom út hjá JPV útgáfu 2007. Þar er gerð ítarleg grein fyrir ljóðum Sigfúsar og skáldferli hans. Hér verður látið nægja að benda á fáein orð Sigfúsar í ritgerðinni „Til varnar skáldskapnum“ sem hann samdi árið 1952, þá 24 ára. Sú grein var á sínum tíma öflug málsvörn fyrir nýjungar í ljóðagerð sem í byrjun sjötta áratugarins áttu ennþá erfitt uppdráttar hér á landi, og er vart ofmælt að greinin hafi markað tímamót í umræðu um þær nýjungar hér á landi. En gildi hennar nú er ekki hvað síst fólgið í því sem út úr henni má lesa um viðhorf Sigfúsar sjálfs til skáldskapar. Í síðasta kafla greinarinnar vikur hann að því sem honum finnst að geti verið nokkur mælikvarði á ljóð. Hann segir að það sem mestu skipti í ljóði sé að sínum dómi –

hvert var mikilvægi ljóðsins fyrir skáldið, var það skrifað af bráðum lífsháska ellegar þá af fullum fögnuði lífsins: hvaða einlægur sannleikur lá að baki og hversu nálægt þeim sannleika kemst skáldið með þeim ófullkomnu tækjum sem því eru látin í té?

Og skömmu síðar heldur hann áfram:

Bein túlkun sannrar reynslu, það er nútímaskáldskapur [...] Vantraust á formi, vantraust á máli, vantraust á orðum, krafan um að skáldið hafi svo að segja lifað hvert orð áður en það er sett á pappirinn: það er vinnuaðferðin.

Þetta er óvenju afdráttarlaus trúarjátning í fagurfræðilegum efnum, og segja má að Sigfús hafi að miklu leyti verið þessari gömlu stefnuskrá trúr alla ævi. Að sjálfsögðu dugir hún þó skammt ein sér til að gera grein fyrir eigin dimum ljóða hans.

Oft er sagt um Sigfús að hann hafi verið vitsmunalegt skáld. Og vissulega er það eitt helsta einkenni og aðalsmerki skáldskapar hans. Það kemur fram bæði í yrkisefnum hans og ljóðstíl. En seiðurinn í ljóðum hans væri varla sá sem hann er ef ekki kæmi annað til: undir ytra borði sem allajafna er temprað býr heit tilfinning. Í ljóð hans er greipt djúpt, sönn, oft sár reynsla sem gagntekur lesandann og skilur ógjarna við hann upp frá því. Það er aðal mikils skáldskapar.